



Mái 2019

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar

Ársskýrsla – 2018

Þórir Ingason

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar

Ársskýrsla – 2018

Innihald

Inngangur	2
Árið 2018	2
Umsóknir	2
Úthlutun.....	2
Rannsóknaráðstefna 2018.....	3
Eftirfylgni.....	4
Viðauki 1 – Listi yfir verkefni sem fengu styrk 2018	7
Viðauki 2 – erindi og veggspjöld á rannsóknaráðstefnu 2018	9
Viðauki 3 – Tölulegar upplýsingar.....	10
Viðauki 4 - Fagnefndir um rannsóknir Vegagerðarinnar	12

Inngangur

Ársskýrsla rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar kemur nú út í sjöunda sinn og er fyrir árið 2018. Fyrsta ársskýrslan kom út í ágúst 2013. Auk þess að fjalla um árið 2012 var í henni sagt almennt frá starfsemi rannsóknasjóðsins og farið yfir árin 2005-2011. Allar ársskýrslurnar eru aðgengilegar á vef Vegagerðarinnar.

Árið 2018

Umsóknir

Að venju var auglýst eftir umsóknum í rannsóknasjóðinn í byrjun árs. Í auglýsingunni var eftirfarandi texti varðandi áherslur ársins: „Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar fyrir þessa flokka taka almennt mið af hlutverki rannsókna stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Varðandi einstaka flokka má nefna að fyrir mannvirki eru m.a. lagðar áherslur á rannsóknir tengdar öllum gerðum slitlaga og því sem eykur gæði þeirra og endingu. Jafnframt er lögð áhersla á sjávarrannsóknir (flóð, öldufarsupplýsingar o.s.frv.). Umferðaröryggismál almennt, eru ávallt í brennidepli og lögð er áhersla á verkefni sem því tengjast, m.a. ýmis konar gagnaöflun þar að lútandi. Varðandi umhverfismál er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og betri nýtingu auðlinda.“

Þetta árið voru í textanum ekki sett fram sérstök áherslusvið frá fagnefndum rannsóknasjóðs eins og verið hafði á undanförunum árum. Fagnefndirnar¹ hittust þó til að fara yfir stöðu verkefna og ræða málefni sem snerta þeirra málaflokk og Vegagerðina. Almennar áherslur taka einnig mið af þeirri umræðu.

Umsóknafrestur rann út þann 31. janúar 2018. Alls bárust 133 umsókn að upphæð 324 milljónir króna. Þetta er nokkur fækkun umsókna miðað við árið 2017.

Úthlutun

Ráðgjafanefnd um úthlutun fjárveitinga (rannsóknaráð) fór yfir umsóknir í febrúarmánuði 2018 og lagði til styrkveitingar, sem síðan voru samþykktar af Vegamálastjóra (Forstjóra Vegagerðarinnar). Í töflu 1 kemur fram hverjir sátu í ráðgjafanefndinni.

Tafla 1: Ráðgjafanefnd (rannsóknaráð) 2018

Auður Þóra Árnadóttir
Birkir Hrafn Jóakimsson
Erna Hreinsdóttir
Skúli Þórðarson
Magnús Valur Jóhansson
(Þórir Ingason starfaði með nefndinni)

Tilkynningar um fjárveitingar voru sendar út 5. mars 2018. Óskað var eftir því að umsækjendur staðfestu formlega ef þeir vilja taka við styrknum. Þetta er m.a. gert vegna þess að í mörgum tilvikum er styrkurinn

¹ Fagnefndirnar eru þrjár, ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Í viðauka 4 eru upplýsingar um þá sem sátu í fagnefndum í árslok 2017.

heldur lægri en upphæð umsóknarinnar. Allir styrkþegar sendu inn samþykki sitt og enginn dró umsókn til baka af þessum sökum.

Alls var veitt 147 milljónum króna í 96 verkefni. Þetta er nálægt meðalfjölda styrkja frá og með árinu 2005 t.o.m. 2018, sem er 98. Heildarupphæð styrkja hefur farið lítillega hækkandi undanfarin ár, en nær ekki metárinu 2013, þegar upphæðin var 159 milljónir. Grunnur rannsóknasjóðsins byggir á vegalögum sem tóku gildi 1. janúar 2008. Þar segir í 23. grein: „...ár hvert skal að minnsta kosti einum og hálfum hundraðshluta af mörkuðum tekjustofnum til vegagerðar varið til rannsókna og þróunar við vegagerð undir stjórn Vegagerðarinnar“. Í raun hefur þetta lagaákvæði aldrei verið uppfyllt og frá árinu 2017 eru markaðar tekjur ekki lengur settar fram í fjárlögum. Upphæðir til rannsóknasjóðs hafa aftur á móti verið tilteknaðar í samgönguáætlun. Samkvæmt því var fjárveiting til rannsóknasjóðs árið 2018 146,6 milljón krónur. Úthlutun var þannig samræmi við það, en annars er úthlutunin miðuð við stöðu sjóðsins um áramótin, þar sem eftirstöðvar ársins á undan flytjast milli ára. Yfirlit yfir fjárveitingar til sjóðsins frá og með árinu 1994, má sjá í viðauka 3. Rétt er einnig að það komi fram að hluta sjóðsins er varið til umsjónar- og kynningastarfs, m.a. til að niðurgreiða þátttökugjöld á hinni árlegu rannsóknaráðstefnu. Auk þess fer hluti sjóðsins í erlent samstarf, einkum þátttökugjöld í ýmsum samtökum sem Vegagerðin er með í, s.s. PIARC, PIANC og CEDR (upplýsingar um hvað felst í þessum skammstöfunum má finna á vef stofnunarinnar, sjá hér: <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/samstarf-erlent/>). Þær upphæðir sem fara í þetta eru ekki taldar með í upphæðum styrkja til rannsóknaverkefna.

Lista yfir verkefni sem fengu styrk árið 2018 er að finna í viðauka 1. Nánari upplýsingar um flest verkefnin má finna á vefnum undir þessum hlekk: <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/rannsoknaverkefni/alm2018/>

Skýrslur hafa þegar borist um mörg verkefnanna og fleiri eru væntanlegar. Skýrslurnar má finna undir eftirfarandi hlekk þegar þær koma út: <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/rannsoknarskyrslur/>.

Í línuriti í viðauka 3 kemur fram fjöldi útgefinna skýrslna sem finna má á vef Vegagerðarinnar, um verkefni hvers árs frá árinu 2005 (miðað við 24. maí 2019). Ef borinn er saman fjöldi skýrslna og fjöldi styrkja á viðkomandi ári, kemur fram að nokkuð vantar til að skýrslur séu um öll verkefnin sem styrkt eru. Hin síðari ár hefur skýrslum verið skilað um rétt rúmlega helming verkefna. Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki eru gefnar út skýrslur um öll verkefni sem styrkt eru, til dæmis vegna eðli þeirra. Afrakstur getur verið í öðru formi en skýrslu. Önnur verkefni verða framhaldsverkefni og er þá oft skilað framvinduskýrslu eða minnisblöðum um þau, sem ekki eru sett á vefinn. Í fáeinum tilvikum eru skýrslur svo einungis birtar á innri vef Vegagerðarinnar, en það á við um verkefni sem lúta að innra starfi stofnunarinnar og eiga því ekki erindi út á við. Einnig kemur fyrir, en þó sjaldan, að skýrslurnar eru eingöngu gefnar út á öðrum vettvangi.

Rannsóknaráðstefna 2018

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin í 17. sinn þann 2. nóvember árið 2018 í Kaldalóni í Hörpu. Það voru 204 skráðir þátttakendur á ráðstefnunna þetta árið, sem er nákvæmlega sami fjöldi og var 2017, en þá var það met. Frá 2012 hefur meðalfjöldi þátttakenda verið 193 og frá því fyrsta ráðstefnan var haldin í Salnum í Kópavogi árið 2002 er meðalfjöldinn 165. Á ráðstefnunni voru haldin 20 erindi. Fjögur veggspjöld héngu uppi og einnig var skjákynning á ýmsum verkefnum frá verkfræðistofunni Eflu.

Í viðauka 2 kemur fram hvaða erindi voru haldin á ráðstefnunni og hverjir fluttu, sem og upplýsingar um veggspjöldin. Finna má glærur og ágríp erindanna, auk ljósmynda frá ráðstefnunni, á vef Vegagerðarinnar

undir þessum hlekk: <http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/radstefnur/rannsoknaradstefna-vegagerdarinnar-2018-1>

Ráðstefnustjóri var G.Pétur Matthíasson.



Mynd 1: Rannsóknaráðstefna 2018


Eftirfylgni

Það er mikilvægur hluti alls rannsóknastarfs, að koma niðurstöðum þess á framfæri og í hagnýta notkun, þar sem það á við. Reyndar er það vel þekkt vandamál um allan heim að það er ekki alltaf auðvelt verkefni.

Á mynd 2 er sýndur hugsanlegur ferill rannsóknaverkefna, sem styrkt eru af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Eins og áður er komið fram lýkur flestum verkefnum sem styrkt eru af sjóðnum með skýrslu, sem sett er á vef Vegagerðarinnar. Frá og með árinu 2005 til og með 2018 hafa verið veittir styrkir til 680 verkefna og það hafa verið skrifaðar yfir 500 skýrslur (lokaskýrslur og áfangaskýrslur) um þau og þær gefnar út á vef stofnunarinnar. Reynt hefur verið að vekja athygli á útkomunum skýrslum í Framkvæmdafréttum Vegagerðarinnar og á innri vef stofnunarinnar. Það er tilraun til að koma niðurstöðunum á framfæri, en er hins vegar engin trygging fyrir því að fólk kynni sér niðurstöðurnar og nýti í daglegu starfi, þó tilefni væri til.

Þegar skýrslum er skilað er metið hvort niðurstöður verkefnisins séu hugsanlega til innleiðingar í starf Vegagerðarinnar (samanber mynd 2), eða hvort þær teljist fróðleikur og innlegg í umræðuna. Frá og með árinu 2005 t.o.m. 2018 reyndust það vera um 17% verkefna sem falla í fyrri flokkinn og 59% þann seinni,

en það kann þó auðvitað líka að nýtast stofnuninni og leiða til framfara. Það sem uppá vantar eru verkefni sem ekki eru með beinar niðurstöður (ýmsir styrkir til tækjakaupa, ráðstefnuhalds, vísindaferða, kynninga, umsjón rannsóknasjóðs og fleira). Þá hafa um 9% styrkja verið afskrifaðir. Þessi staða miðar við 24. maí 2019.



Mynd 2: Ferlar rannsóknaverkefna

Einna árangursríkast til að koma niðurstöðum rannsókna á framfæri og í framkvæmd, er ritun leiðbeininga um ýmis efni, sem tengjast vegagerð og gera kröfu um að þessum leiðbeiningum sé fylgt. Með því að endurskoða og breyta leiðbeiningum í samræmi við niðurstöður rannsóknaverkefna, ef tilefni gefst til, er tryggt að þær nýtast og komast í framkvæmd. Dæmi um slíkt eru leiðbeiningar um efnisprófanir og efniskröfur, sem eru reglulega endurskoðaðar og breytt með tilliti til niðurstaðna rannsóknaverkefna ef svo ber undir. Í þessu ljósi hefur rannsóknasjóðurinn gjarnan styrkt skrif á leiðbeiningum af þessu tagi.

Önnur leið til að upplýsa um niðurstöður rannsókna, er ráðstefnuhald og hefur rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar verið haldin á hverju hausti allt frá árinu 2002, sjá hér fyrir framan. Ráðstefnan hefur ávallt verið vel sótt, en aðeins hefur verið hægt að kynna lítinn hluta af verkefnum og það er jafnframt háð því að viðkomandi verkefnisstjóri eða umsækjandi gefi sig fram til kynningarinnar.

Öll kynning á niðurstöðum er þó til lítills gagns nema fólk leggi sig að einhverju leyti eftir því að skoða þær. Í raun ætti það að vera hluti af starfi hvers og eins að taka einstaka sinnum frá tíma í að kynna sér efni sem við kemur þeim verkefnum sem þeir vinna við, þar á meðal eru niðurstöður rannsóknaverkefna.

Viðauki 1 - Listi yfir verkefni sem fengu styrk 2018

Mannvirki

Áhrif fínefna á viðloðun í klæðingum
 Ástand spennikapla í steypum brúm 3
 Borhraði og bergstyrkur
 Burðargeta steyptra brúa - brotprófun brúar á Steinavötn
 COST TU1406 - BridgeSpec
 Daglegar rennisspár með notkun hliðstæðrar greiningar Harmonie veðurgagna
 Einkunnir og þættir hins íslenska brúarstjórnunarkerfis
 Ending malbikaðra slitlaga á höfuðborgarsvæðinu
 Endur- og símennturnarnámskeið í Vegagerð
 Endurvinnsla frálagsfna í vegagerð
 Eurocode 7 - endurskoðun
 Evrópustaðlar CEN/TC 154 og CEN/TC 227
 Froststuðul á Íslandi
 Handbók fyrir eftirlitsmenn við framkvæmdir hjá Vegagerðinni
 Hemlunarviðnám, skilgreiningar og aðgerðir
 Jarðskjálftahæðun stagbrúa: Athugun á tilfelli fyrirhugaðrar brúar yfir Ölfusá
 Leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
 Niðurbrot og endurvinnsla steyptra mannvirkja til vegagerðar
 Rannsókn á sprautusteypu með umhverfisvænum basalt trefjum í stað notkunar á plasttrefjum
 Rannsókn og samanburður á nokkrum tegundum bikþeytu frá Íslandi og Svíþjóð og virkni þeirra með íslenskum steinefnum.
 Rannsóknakerfi
 ROADEX NETWORK
 Samantekt á erlendum stöðlum fyrir hágæða almenningssamgöngur
 Samfelldir þensluliðir í vega- og brúargerð til að auka endingu og minnka viðhaldskostnað, 2. áfangi
 Slitlög
 Steinefnabanki
 Steypa í sjávarfallaumhverfi
 Stífnieiginleikar jarðvegsgarða metnir með yfirborðsbylgjuaðferð
 Styrkingarmöguleikar burðarlags núverandi vega - framhald
 Sveigjanleg og aðlögunarhæf skipulagsgerð fyrir hafnir
 Tjónagreining á brúnni yfir Steinavötn í Suðursveit
 Tæring á hægtryðgandi stáli við íslenskar aðstæður
 Tæring málna í andrúmslofti á Íslandi
 Tæring stálþilsbryggja á Íslandi
 Umhverfisvæn brúarsteinsteypa
 Úrvinnsla öldu og soga úr sjávarborðsmælingum í höfnum
 Vegorðasafn-skilgreiningar og skýringar á hugtökum
 Yfirfærsla á dýptarmælingum í GIS kerfi og rannsókn á dýptarbreytingum í höfnum við Ísland
 Þróun á endafrágangi brúa til að lágmarka viðhald vega við brúarenda
 Þróun á kerfi sjávarborðsmælinga

Umferð

Áhrif sjálfvirkni í bílum á umferðarrýmd stofnvega höfuðborgarsvæðisins
 Áhættuflokkun vega vegna ofanflóða
 Áskrift að slysagagnagrunninum IRTAD
 Borgarlínan, umferðaröryggi
 Ferðavenjur sumar 2018
 Fólksfjöldamiðja landssvæða
 Greining á slysum á stofnbrautum í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu
 Greining á talningu slysa í mislægum gatnamótum
 Greining snjóflóða með innhljóðsmælum
 Hegðun í umferðinni á þjóðvegi 1 séð með augum atvinnubílstjóra.
 Hönnun 2+1 vega - endurskoðun á hönnunarleiðbeiningum
 Hönnun hringtorg - endurskoðun á hönnunarleiðbeiningum
 Kortlagning á mögulegum skriðflötum í berghlaupaseti í Almanningum á Tröllaskaga með TDR aðferð.
 Leiðsaga til sjós og staðsetningar á Íslandi með aðstoð gervitungla. Sótt er um styrk til vinnu á 2. verkefnisári
 Losun svifryks frá gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu – ferlar og líkan
 Mat á tíðni rauðaljóðs aksturs á anna tímum, og viðbragðstíma öikumanna
 NordFoU EPAS. Áhrif dreifibúnaðar, saltgerðar og ökuhraða á nýtni hálkusalts
 Slysagreining. Ávinningur af óhindruðum beygjustraumum. Framhald
 Umferð bílaleigubíla erlendra ferðamanna á 11 svæðum á hringveginum 2010-2018
 Umferðarhraði í hringtorgum
 Umferðaröryggi á vegköflum þjóðvega sem liggja í gegnum þéttbýli
 Upplýsingar úr slysaskrá Samgöngustofu
 Vöruflutningar-vörumóttaka

Umhverfi

Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi
Áhrif umferðar á þéttleika fugla með vegum
Efnasamsetning fins svifryks í Reykjavík
Endurheimt votlendis og losun gróðurhúsalofttegunda. Rýni á fyrirliggjandi rannsóknum
Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
Hlutverk Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar
Könnun á legu vatnaskila við jökulbotn milli Skaftár og Hverfisfljóts á Tungnaárjökli sunnan Skaftárkatla
Mæling á landrisi og halla láflatar upp með farvegi Hólmsár á Mýrum.
Plastúrgangur nýttur í vegagerð á Íslandi: Umhverfismat
Samgönguskipulag og sjálfbærni, leiðbeiningar
Sandfok og umferðaröryggi
Setflutningar og farvegabreytingar Leirár á Mýrdalssandi
Sjálfbærnismat á leiðum til aukinnar rafmagnsvæðingar í samgöngum
Sjálfbærnisvísar fyrir sjálfbærar samgöngur innan þéttbýlis; gerð sjálfbærnisvísar
Styrkur til Jöklarannsóknafélagsins 2018
Umhverfis- og samfélagslegur ávinningur íslenskra orkujurta
Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum
Vöktun þungmálma og brennisteins í andrúmslofti með mælingum á mosa - Skýrsla

Samfélag

Áhrif myndrænnar endurgjafar og markmiðasetningar á akstursfærni vagnstjóra hjá fyrirtæki í almennings-samgöngum
Ferðir á einstakling - Framhald
Greining á samfélagslegum og hagrænum ávinningi bættra samgangna – rýni á rannsóknaraðferðum
Samþætting hjólreiða og Borgarlínu
Sjálfbær þróun á Höfuðborgarsvæðinu 2: ferðamátar, búsetustaðsetning og lífsviðhorf ungs fólks
Sjálfbærnimat íslenskra vegafamkvæmda
Skráning vegminja. 2. áfangi (4. hluti 2. áfanga). Framhaldsumsókn.
Upplýsingaöflun á opnum, tímasettum samgöngum á Íslandi og útgáfa
Þjóðhagsleg hagkvæmni flutninga á ferskum fiski

Viðauki 2 - erindi og veggspjöld á rannsóknaráðstefnu 2018



Erindi á rannsóknaráðstefnu 2. nóvember 2018:

- *Grímsvatnahlaup, vatnsgeymir, upphaf og rennsli*, Finnur Pálsson (HÍ)
- *Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð*, Kjartan Elíasson og Sigurður Sigurðarson (Vegagerðin)
- *Sveigjanleg og aðlögunarhæf skipulagsgerð fyrir hafnir (Flexible and adaptive port master planning)*, Majid Eskafi (HÍ) [Erindið var flutt á ensku]
- *Samanburður á viðloðun íslensks basalts og sænsks graníts með sænskri bikþeytu*, Björk Úlfarsdóttir (Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas)
- *Tæring á hægtrygðgandi stáli / Tæring málna í andrúmslofti*, Baldvin Einarsson (Efla)
- *Tjónagreining á brúnni yfir Steinavötn í Suðursveit*, Halldór Bogason (Verkís)
- *Borgarlína og umferðaröryggi*, Svanhildur Jónsdóttir (VSÓ)
- *Sandfok og umferðaröryggi*, Esther Hlíðar Jensen (Veðurstofan)
- *Almenningssamgöngur - hvaða þættir skipta máli á höfuðborgarsvæðinu*, Daði Baldur Ottósson (Efla)
- *Almenningssamgöngur á landsvísu - Núverandi staða, ávinningur af nýtingu og þróunarmöguleikar*, Sólrún Svava Skúladóttir (Efla)
- *Öryggi farþega í hópþífreidum*, Smári Ólafsson (VSÓ)
- *Erlendir ferðamenn á þjóðvegum 2016-2018*, Rögnvaldur Guðmundsson (Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar)
- *Ferðamannaútskot við hringveginn - Suðurland*, Auður Andrésdóttir (Mannvit)
- *Vegvísun að ferðamannastöðum - brúnskilti*, Ólöf Kristjánsdóttir (Mannvit)
- *Umhverfis- og samfélagslegur ávinningur íslenskra orkujurta*, Sandra Rán Ásgrímsdóttir (Mannvit) og Jón Bernóðusson (Samgöngustofa)
- *Þjóðhagsleg hagkvæmni flutninga á ferskum fiski*, Jónas Hlynur Hallgrímsson (Efla)
- *Plastúrgangur nýttur í vegagerð á Íslandi - umhverfismat*, Guðrún Fjóla Guðmundsdóttir (ReSource International)
- *Kortlagning hávaða með CNOSSOS-EU*, Ólafur Hafstein Pjetursson (Trivium)
- *Travel modes, GHG emissions and spatial distribution of daily travel in the Capital Region*, Áróra Árnadóttir, Michał Czepkiewicz, Jukka Heinonen (HÍ).
- *Samgöngur og jafnrétti: hvernig er staða kvenna innan samgöngugeirans?*, Lilja Guðríður Karsdóttir (Viaplan)


Veggspjöld á rannsóknaráðstefnu 2. nóvember 2018:

- *Daglegar rennisspár með notkun hliðstæðrar greiningar Harmonie veðurgagna*, Morgane Céline Priet-Maheo, Andréa-Giorgio Raphael Massad, Sif Pétursdóttir, Tinna Þórarinsdóttir, Davíð Egilsson, Mathew James Roberts (Veðurstofan)
- *Rannsókn á sprautusteypu með umhverfisvænum basalt treffjum í stað notkunar á plasttreffjum*, Iveta Novakova (NMÍ), Eyþór Rafn Þórhallsson (Háskólinn í Reykjavík)
- *Rannsókn á ferðamynstri og skilgreining á vinnusóknarsvæði fyrir Akranes, Selfoss, Hveragerði og Keflavík*, Lilja Guðríður Karlsdóttir (Viaplan)
- *T-vegamót með hjárein, reynsla og samanburður á umferðaröryggi*, Svanhildur Jónsdóttir (VSÓ)
- *Auk ofangreinds var skjákynning á nokkrum verkefnum frá verkfræðistofunni Eflu*


Viðauki 3 - Tölulegar upplýsingar



Fjöldi umsókna - fjöldi styrkja frá árinu 2005



**Upphæði umsókn - upphæð styrkja frá árinu 2005
(milljón krónur)**



Viðauki 4 - Fagnefndir um rannsóknir Vegagerðarinnar

Í eftirfarandi töflu kemur fram hverjir sátu í fagnefndum rannsóknasjóðs í árslok 2017.

Mannvirki

Gunnar Bjarnason,
formaður

Anna Elín Jóhannsdóttir

Birkir Hrafn Jóakimsson

Friðrikka J. Hansen

Guðmundur Valur Guðmundsson

Haraldur Sigursteinsson

Haukur Jónsson

Jón Helgi Helgason

Óskar Örn Jónsson

Sigurður Sigurðsson

(Pétur Pétursson, ritari)

Umferð

Auður Þóra Árnadóttir,
formaður

Baldur Grétarsson

Erna Hreinsdóttir

Einar Pálsson

Gunnar H Guðmundsson

Katrín Halldórsdóttir

Margrét Silja Þorkelsdóttir

Skúli Þórðarson

Svanur G Bjarnason

Umhverfi og samfélag

Matthildur Bára Stefánsdóttir,
formaður

Ásbjörn Ólafsson

Ásrún Rúdólfsson

Etna Sigurðardóttir

Greipur Gísli Sigurðsson

Guðmundur Jón Björnsson

Helga Aðalgeirsdóttir

Hersir Gíslason

Magnús Björnsson

Sóley Jónasdóttir